

Náma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða

Breyting á
Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Samþykkt í sveitarstjórn, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010


26. febrúar 2024



Múlaþing

ATA


A1625-002-U03

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 16 maí 2024
Málnr. 202309044

Aðdragandi og forsendur

Landeigendur Ketilsstaða 2 á Völlum vilja mæta vaxandi þörf fyrir malarefni með því að vinna efni úr Kiðueyri í Grímsá, norðan Urriðalæks.

Sveitarstjórn Múlaþings telur rétt að verða við ósk landeigenda með því að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þegar hefur verið leitað álits Veiðifélags Grímsár og Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegra áhrifa á lífríki árinna, sem gefur tilefni til að ætla að efnistöku fylgi nokkur neikvæð áhrif en ekki svo veruleg að ástæða sé til að hafna erindinu, enda sé kveðið á um tiltækar mótvægisáðgerðir. Einnig var leitað álits Minjastofnunar Íslands. Lýsingar á staðhættum og umhverfisáhrifum eru byggðar á framangreindum umsögnum.



Myndin sýnir sveitarfélagsuppdrátt B í Aðalskipulagi Fjótshéraðs 2008-2028, með rauðum hring þar sem umrætt efnistökusvæði verður.

Áform um efnistöku

Heildarflatarmál fyrirhugaðrar efnistöku- og haugsvæðis er 22.000 m². Áætlað er að efnið verði numið á næstu 3 árum og að teknir verði um 8.000 m³ á ári, samtals u.þ.b. 24.000 m³. Meðaldýpt efnistökkunnar er áætluð um 2 m.

Við gerð vinnsluáætlunarinnar verður það haft að markmiði að lágmarka rask í árfarveginum, áhrif á lífríki árinna og draga úr rennsli vatns yfir vinnslusvæðið meginhluta vinnslutímabilsins. Jafnframt verður það haft að markmiði að haga vinnslu á þann hátt að unnt sé að vinna efni að miklu leyti allan ársins hring án þess að hafa áhrif á árfarveginn og halda flutningsleiðum í lágmarki. Stærð vinnslusvæðis er ákvörðuð með það að markmiði að vinna efni úr hæfilega stóru svæði í einu, og að ljúka vinnslu og frágangi á hverjum hluta námunnar áður en ráðist er í næsta hluta hennar.

Gert er ráð fyrir haugsetningu efnis í flestum tilvikum. Efni sem mokað er úr áreyrum er gegnsósa af vatni og því þarf að geyma það í einhvern tíma í haug til að vatnið renni úr. Reynt verður að staðsetja hauga þar sem minnst hættu er á að fok úr haugum valdi óþægindum eða neikvæðum

áhrifum. Geymslutími á hverjum haug ræðst af þörfinni á að taka efni úr ánni á hverju svæði sem og eftirspurn eftir efni. Efnishaugar verið mismunandi lengi á hverju framkvæmdasvæði.

Staðhættir og umhverfi

Múlaá í Suðurdal og Geitdalsá í Norðurdal sameinast í Grímsá, sem síðan rennur í Lagarfljót. Áin er fiskgeng á 10 km kafla frá Lagarfljóti að Grímsárvirkjun. Á þessum kafla eru mikil eyrasvæði með lágum bökkum, sem eru vel grónir utan rofsvæða árinna.

Fyrirhugað námusvæði er staðsett í u.þ.b. 850 m fjarlægð frá Ketilsstöðum. Í ánni veiðist urriði og bleikja og á undanförunum árum hefur laxaseiðum verið sleppt í hana.




Efnistökuastaðurinn á Kiðueyri er merktur með svörtum hring. Meginfarvegur Grímsár er dreginn fram með dökkbláum línum. Á neðri myndinni er horft til suðausturs yfir austurbakka Lagarfljóts og upp eftir Grímsá; gulur þrjónn vísar á Kiðueyri.



Breyting á aðalskipulagi

Breytingin felst í því að á sveitarfélagsuppdrátt B er bætt við hringtákn í flokki efnistökusvæða með auðkenni E172, sjá hluta af uppdrættinum fyrir og eftir breytingu hér fyrir neðan.



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti B (1:30.000), fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin. Við bætist hringtákn með auðkenni E172.

Í greinargerð bætist lína við töflu í kafla 9.10:

E172 Kiðueyri.

Forðast skal eins og kostur er álag á lífríki árinna og að raska árbökkum og árbotni. Afrennsli fari í nægilega stórar settjarnir til tryggja að sem minnst grugg fari út í árvatnið. Halda skal akstri tækja yfir ána í lágmarki og tryggja að olíumengun berist ekki í hana. Gera skal áætlun um viðbrögð við mengun. Reynt skal að ljúka vinnslu á hverjum hluta námunnar áður en vinnsla hefst í þeim næsta. Þess skal gætt að efnisvinnslan hafi ekki áhrif á aðlægar jarðir, samráð sé haft við Vegagerðina um vegtengingar og að endurnýjun efnis sé tryggð. Gögn með framkvæmdaleyfisumsókn sýni hvernig framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni

Ekki verður séð að fyrirhuguð breyting á landnotkun stangist á við aðrar áætlanir né heldur er búist við að breytingin rekist á hagsmuni nágretta eða á svæðisvísu.

Tilgangur efnisnámsins er m.a. viðhald vega og því í samræmi við almenna stefnu um góðar og öruggar samgöngur.

Engin sértæk ákvæði um vernd náttúru- eða menningarminja gilda um umrædd svæði né heldur deiliskipulagsáætlanir.

Ekki er vitað um neinar náttúru- eða menningarminjar innan reitsins sem taka þarf sérstakt tillit til. Þó gilda ákvæði minjalaga um að stöðva þurfi framkvæmdir og láta framkvæma vettvangskönnun ef áður ókunnar minjar finnast.

Umhverfismat

Efnistaka í því umfangi sem hér um ræðir er ekki tilkynningarskyld skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Efni hefur áður verið tekið á þessum stað í smáum stíl og hægt að komast að efnistökuastaðnum eftir vegarslóða sem þegar er fyrir hendi. Áhrifin sem skoða þarf eru því aðeins þau sem lífríki árinna getur orðið fyrir. Svæðið er ekki áberandi frá nálægum þjóðvegi, Skriðdals- og Breiðdalsvegi, nr. 95. Í umsögn Minjastofnunar segir að fyrirbyggjandi gögn bendi ekki til minja innan svæðisins.

Staðsetning námunnar er áhugaverð vegna þess hve stutt er til Egilsstaða (um 9 km), þar sem efnið verður aðallega notað við ýmsar framkvæmdir, auk vegagerðar og viðhald nærliggjandi vega. Staðsetningin býður því upp á hagkvæma vinnslu og smátt kolefnisspor. Vegarslóði liggur að svæðinu nú þegar vegna fyrri efnistöku.

Núllkostur felst í því að nýta námuna ekki og er þá takmarkaðri aðgangur að malarefni sunnan Egilsstaða en ella.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir m.a.:

Efnistaka úr farvegi straumvatna hefur bein áhrif á þær lífverur sem fyrir eru á námasvæðinu. Farvegurinn dýpkar, straumhraði minnkar og finna efni situr eftir. Þannig getur efnistaka úr árbotni haft neikvæð áhrif á uppeldis- og hrygningarsvæði laxfiska og getur að auki einnig spillt veiðistöðum. Áhrif efnistöku úr árfarvegi getur náð talsvert út fyrir hinn eiginlega efnistökuastað. Botnefni ofan efnistökuastaðar fer á skrið vegna breyttra strauma/botnlags og leitar niður í efnistökuþryggur. Talsverður tími getur liðið þar til slík ársvæði hafa jafnað sig. Að auki getur grugg sem myndast vegna efnistöku haft skaðlega áhrif á lífríkið neðan efnistökuastaðar. Almenna reglan ætti því að vera sú að við malarnám sé leitað annarra svæða en í eða við vatnsföll og Hafrannsóknastofnun mælir eindregið gegn efnistöku sem hefur í för með sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna.

Í umsókninni kemur fram að náman verði í ógrónum eyrum Grímsár, en samkvæmt afmörkun námunnar á mynd í umsókninni er miðað við að sneiða lítið eða ógróin svæði inn á milli gróinna svæða. Ekki liggur fyrir hver yfirborðshæð efnistökusvæðisins er, en þar sem gert er ráð fyrir að meðaltali um 2 m efnistökuþykkt, má ætla að botn efnistökusvæðisins verði kominn, a.m.k. á hluta svæðisins, nærri eða niður fyrir núverandi vatnsborð árinna á svæðinu. Það felur í sér hættu á því að áin brjóti sér leið inn á námasvæðið með raski á rennsli og á árfarveginum. Af loftmyndum að dæma, sem og áliti veiðifélagsins, rennur áin nú í tveimur kvíslum á þessu svæði og er námasvæðið á milli þeirra. Nauðsynlegt verður því að þvera aðra kvíslina við flutning á tækjum og efni. Rennsli Grímsár getur verið mjög breytilegt og því mikil hættu á að áin flæði um námasvæðið í flóðum, auk þess sem líkur eru til að hún gæti náð til efnishauga. Ekki virðist vera gert ráð fyrir settjörnum til að fella út jarðvegsefni sem skolast úr haugunum. Mikilvægt er að við efnisvinnslu og þvott efnisins séu settjarnir nógu stórar til að mest af gruggi og efnum sem berst með skolvatni nái að setjast til í tjörnunum en berist ekki út í árvatnið.

Við framkvæmdir við ár og vötn þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

1. Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa ekki áhrif á vatn árinna svo sem að grugga það upp.
2. Tryggja skal að olíur, bensín eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið og takmarka skal akstur farartækja yfir ána eins og kostur er.
3. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum eða botni árinna vegna framkvæmdarinnar.

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um efnistöku úr eyrum Grímsár, eins og lýst er í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Ketilsstaða 2 dagsett 19. október 2022, er það mat Hafrannsóknastofnunar að efnistakan hafi neikvæð áhrif á lífríki árinna. Það með talið seiðauppeldi, sem síðar geti komið fram í minni stofnstærð fiska og veiði. Ekki eru fyrirliggjandi gögn til að meta hversu mikil eða langvarandi þau neikvæðu áhrif kunna að verða.

Bent er á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33 grein V. kafla laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006 með síðari breytingum).

Í umsögn Veiðifélags Grímsár eru viðraðar áhyggjur af sama tagi. Til mótvægis þeim mögulegu áhrifum sem hér er lýst hafa verið settir skipulagsskilmálar af því tagi sem kallað er eftir í umsögn Hafrannsóknastofnunar hér fyrir ofan.

Nokkrir efnistökuastaðir eru ofar í ánni. Töluverður efnisframburður veldur því að farvegir breytast og efni sest til á mismunandi stöðum, sjá myndir hér fyrir neðan. Það sýnir jafnframt að efnistakan er endurnýjanleg og afturkræf.



Loftmyndir af Kiðueyri, sú til vinstri frá 1994 (loftmyndasafn Landmælinga Íslands) og nýleg mynd hægra megin.

Nýlega hefur verið innleidd [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#) í samræmi við [lög um stjórn vatnamála](#) nr. 36/2011. Samkvæmt áætluninni er farvegurinn við efnistökuastaðinn hluti af vatnshloti með auðkenni 102-1150-R. Ástand vatnshlotsins er metið mjög gott, þrátt fyrir að efni hafi verið tekið víðsvegar í farveginum eða við hann á undanförunum árum, auk losunar á efni úr lóni Grímsárvirkjunar. Ekki er því ástæða til að ætla að þetta ástand vatnshlotsins breytist verulega vegna efnistökkunnar og þá ekki tilefni til að álykta að hún sé í ósamræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing og tillaga á vinnslustigi var kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum í einu lagi í júlí 2023. Hafrannsóknastofnun ítrekaði fyrri umsögn, þar sem færð eru rök fyrir neikvæðum áhrifum en tekið fram að ekki liggi fyrir næg gögn til að meta hversu mikil eða langvarandi þau neikvæðu áhrif kunna að verða. Bent var á leiðir til að lágmarka áhrif. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun tóku undir athugasemdir Hafrannsóknastofnunar. Heimastjórn Fljótsdalshéraðs benti á að mikið efni hefur þegar verið tekið úr ánni og lagði til skilyrði sem endurspeglar tillögur annarra umsagnaraðila um mótvægisáðgerðir. Hnykkt var á skilmálum til þess að koma mótvægisáðgerðum til leiðar. Minjastofnun sendi umsögn án efnislegra athugasemda. Skipulagsstofnun benti á að styrkja þyrfti rökstuðning fyrir staðarvali og að bæta þyrfti við tilteknum umsagnaraðilum og við því var brugðist.

Umsagnaraðilar við auglýsingu tillögunnar voru:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Fiskistofa, lax- og silungsveiðisvið
- Hafrannsóknastofnun
- Landgræðsla ríkisins
- Veiðifélag Grímsár
- Landeigendur aðliggjandi jarða

Tillagan var auglýst 24.11.2023 - 11.01.2024, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.

Vegna athugasemda frá Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu, eigendum Kaldár 2, Veiðifélagi Grímsár, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun var bætt við skilmála atriðum sem snúa að takmörkun á raski, endurnýjun á efni, aðgæslu við landamerki og samráð vegna veltenginga. Vegna athugasemdar Umhverfisstofnunar var bætt við upplýsingum um stjórn vatnamála við umhverfismatskafla.

Aðalskipulagsbreytingin tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Áritun við samþykkt og staðfestingu

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings þann 13.3.2024.

[Handwritten signature]
MÚLAÞING
SKIPULAGSFULLTRÚI

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 17.5.2024

[Handwritten signature]
SKIPULAGSSTOFNUN